

**Ed.**

**418. Frumvarp til laga**

[183. mál]

um breyting til bráðabirgða á lögum nr. 55/1962, um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966—67.)

**1. gr.**

Varðandi kjarasamninga opinberra starfsmanna, er taki gildi 1. janúar 1968, eru um málsmeðferð gerðar þessar breytingar á lögum nr. 55/1962:

1. Uppsagnarfrestur kjarasamninga samkvæmt 8. gr. framlengist til 1. september 1967.
2. Frestur sáttasemjara ríkisins samkvæmt 2. mgr. 12. gr. til að taka kjaradeilu til meðferðar framlengist til 1. október 1967.
3. Frestur aðilja samkvæmt 1. mgr. 14. gr. til að senda Kjaradómi greinargerðir framlengist til 1. nóvember 1967.
4. Frestur Kjaradóms samkvæmt síðara málslið 16. gr. til að leggja dóm á ágreiningsefni framlengist til 1. desember 1967.

**2. gr.**

Í stað ákvæðis laganna til bráðabirgða komi:

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Eftirfarandi samkomulag Bandalags starfsmanna ríkis og bæja annars vegar og fjármálaráðherra hins vegar frá 29. desember 1966 og 5. janúar 1967 skal hafa lagagildi:

„Nú þegar hefjist heildarathugun á skipun starfsmanna í launaflokka, og verði henni lokið eigi síðar en í árslok 1968. Athugun þessari verði stjórnað af tveimur starfsmönnum, öðrum frá fjármálaráðuneytinu, en hinum frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja, er geri síðan tillögur til breytinga og samræminga, er verði lagðar fyrir báða samningsaðilja. Á þann hátt verði reynt að ná samkomulagi um lagfæringar á flokkaröðuninni og jafnframt reynt að koma á starfsmatskerfi til frambúðar. Ágreiningi, sem ekki tækist að leysa, verði þá heimilt að skjóta til Kjaradóms, sem fjalli um hann á sama hátt og önnur ágreiningsatriði, og gildi samningur um röðun eða dómur Kjaradóms um það atriði frá 1. janúar 1968.

Rökstuddar tillögur, sem fram koma um leiðréttingar og samræmingu starfsheita, sem samningsaðiljar eru sammála um að unnt sé að gera fyrir gildistöku næsta samnings (árslok 1967), skulu teknar upp sem bráðabirgðasamkomulag aðilja.

Um aðra þætti þeirra kjaramála, sem kjarasamningalögin taka til, verði fjallað á venjulegan hátt við næstu samningsgerð, sbr. ákvæði laganna“.

Ágreining um framangreind efni, sem eigi hefur verið til lykta leiddur 1. janúar 1969, tekur Kjaradómur þegar til meðferðar, og skal hann hafa lokið dómsorði á ágreiningsefni eigi síðar en 1. febrúar 1969. Aðiljar geta á fyrra stigi máls vísað því til Kjaradóms, séu þeir um það sammála, og kveður Kjaradómur þá á um deiluatriði innan mánaðar frá því málsskoti.

Mál þessi sæta eigi sáttameðferð samkvæmt III. kafla.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 10. marz 1965 skipaði Gunnar Thoroddsen fjármálaráðherra í nefnd „til að annast endurskoðun á lögum nr. 55/1962 um kjarasamninga opinberra starfs-

manna“ þá Kristján Thorlacius deildarstjóra, Guðjón B. Baldvinsson deildarstjóra og Teit Þorleifsson kennara, tilnefnda af stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, og svo Sigtrygg Klemenzson núverandi seðlabankastjóra, Gunnlaug Briem ráðuneytisstjóra, Jón Þorsteinsson alþingismaður og Jónatan Hallvarðsson hæstaréttardómara, sem jafnframt var skipaður formaður nefndarinnar.

Nefndin er öll sammála um frumvarp þetta og leggur til, að það verði samþykkt, en öðrum breytingum á lögum nr. 55/1962 verði eigi hreyft, fyrr en nefndin hefur lokið störfum, sem verða mun, áður en næsta reglulegt Alþingi kemur saman. Þá skal það tekið fram, að stjórn Bandalags starfsmanna ríkis og bæja er einhuga samþykk frumvarpinu og þessari málsmeðferð.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að þar greindir frestir samkvæmt lögum nr. 55/1962 verði lengdir í sambandi við kjarasamninga, sem nú eru framundan og taka eiga gildi um næstu áramót. Var hliðstæð bráðabirgðabreyting gerð með lögum nr. 26/1965, varðandi kjarasamninga, er þá voru á döfni. Enn fremur er lagt til, að lögfest verði það samkomulag fjármálaráðherra og Bandalags starfsmanna ríkis og bæja, sem tekið er upp í 2. gr. frumvarpsins, og sú grein geymir einnig fyrirmæli um meðferð ágreinings um efni, er samkomulagið tekur til.

Að öðru leyti þarfnast frumvarpið ekki skýringa.